

Guðný Zoëga

Fornleifaskráning vegna lagningar raflínu í Deildardal og Unadal, Skagafirði



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2017/189


Forsíðumynd: Horft til austurs yfir svokallað Gerði í landi Brúarlands, Deildardal.



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar	3
Aðferð við skráningu	5
Fornleifaskrá	6
Háleggsstaðir.....	6
Brúarland.....	8
Skurður við íbúðarhús.....	10
Grindur.....	11
Nýlendi.....	15
Samantekt.....	17

Inngangur



Mynd 1. Yfirlitskort yfir jarðir í Deildar- og Unadal.

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga tók að sér skráningu fornleifa vegna áætlaðrar plægingar rafstrengs í Deildardal og Unadal í Skagfirði. Verkið var unnið fyrir RARIK. Línuleiðin var alls um 12km löng auk heimtauga. Hún lá um lönd 15 jarða, 9 í Deildardal og 6 í Unadal. Vettvangsferðir voru farnar dagana 3. og 5. júní og viðbótarferð var farin 12 júlí þar sem breyting hafði orðið á línulögninni. Stuðst var við gögn frá RARIK (dagsett 26.05.2017 og 11.08.2017) sem sýndu legu væntanlegrar línuleiðar. Minjar innan 15m til hvorrar áttar frá línunum voru skráðar.

Alls voru skráðar 13 minjar á línuleiðinni á fjórum jörðum, þar af voru 8 minjar í mikilli hættu vegna framkvæmdanna.

Þar sem vettvangsvinnan var unnin með litlum fyrirvara var ekki hægt að gefa skýrsluna út áður en línan var lögð en fullt samráð var haft við RARIK og minjavörð Norðurlands vestra um niðurstöður vettvangsskráningarinnar og mótvægisáðgerðir sem lagðar voru til. Minjavörður Norðurlands vestra gerði kröfu um að skoðað yrði í inntaksskurð við íbúðarhúsið á Brúarlandi í Deildardal. Í framhaldi af skráningunni var því farin ferð að Brúarlandi þann 20.06. 2017 og skurðurinn skoðaður.

Guðný Zoëga, fornleifafræðingur sá um vettvangsrannsókn og skýrslugerð.

Landeigendum eru þökkuð góðfúsleg leyfi til rannsókna á svæðinu og fyrir veittar upplýsingar.

Verknúmer frá Minjastofnun Íslands: 1872

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.¹ Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. gr. laga 80/2012: „Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfri verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir fönnum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.“

Samkvæmt 3. gr. er greinarmunur gerður á forngripum og fornleifum en fornleifar eru skilgreindar með þessum hætti: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
6. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

¹ Heimasiða Alþingis. <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>. Skoðuð þann 18.01.2017.

7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Um rannsóknir á fornleifum segir í 6. gr.: „Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“

Enn fremur um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.“

Að lokum er rétt er að vekja sérstaka athygli á ákvæðum laganna um áður ókunnar minjar, en í annarri málsgrein 24. gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnisnúmers sem gefið er út af Minjastofnun Íslands og að lokum hlaupandi númer innan verkefnisins, þ.e. [nafn núverandi jarðar]-[verkefnisnúmer]-[hlaupandi númer] dæmi: **Háleggsstaðir - 1872 – 1.** Þar sem minjar eru á merkjum tveggja jarða eru nöfn beggja jarða tilgreind með skástriki á milli.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat miðast að venju við hvaða framkvæmdir eru áætlaðar innan skipulagssvæðisins og hversu líklegt er að minjar kunni að verða fyrir skemmdum vegna legu eða nálægðar við framkvæmdasvæði. Við lagningu jarðlína ber að skrá 15m til hvorrar áttar frá línunni samkvæmt stöðlum Minjastofnunar.

Minjarnar eru mældar upp á vettvangi með GPS tæki (Trimble 7XH) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna eru mæld upp eða punktur tekinn eftir atvikum.

Yfirlitsmyndir af afstöðu minja og framkvæmdasvæða er að finna í skýrslunni og að auki töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram. Staðsetning minja er gefin upp í Ísnetshnitum (ISN93).



Mynd 2. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu minja og línulagnar.

Háleggsstaðir 1872-1

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hættu – jarðskaut liggur við minjarnar en þær eru 7,7m suður af rafstrengnum
Staðhættir

Elsta bæjarstæði Háleggsstaða lá um 120 ofan og sunnan núverandi bæjar og er ekki nærri framkvæmdasvæðinu. Bæjarstæði seinasta torfbæjarins liggur um 70m austan við núverandi íbúðarhús, í sléttuðu túni.

Lýsing

Bærinn var reistur 1927 og í notkun fram til 1952 þegar núverandi íbúðarhús var reist. Bærinn var rifinn það ár. Þarna er ferkantaður upphlaðinn húsgrunnur úr grjóti 11x12m að ummáli. Hæð húsgrunnins var mest 70cm og greinanlegir veggir 1m á breidd. Dálitlar ójöfnur eru í kring um grunninn sem líklega tengjast notkunarskeiði bæjarins. Engar heimildir eru um eldri minjar þar sem bærinn stóð.

Aðrar upplýsingar

Jarðskaut mun liggja upp að norðvestur horni húsgrunnins.



Mynd 3. Horft til suðurs yfir grunn seinasta torbæjarins á Háleggsstöðum [1872-1. Eldra bæjarstæðið var ofar þar sem útihúsin eru].

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Minjarnar teljast ekki fornleifar skv. lögum. Jarðskaut verður lagt skammt frá bæjargrunninum og þarf að gæta þess að grunnurinn verði ekki fyrir skemmdum.

Hálegsstaðir 1872-2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Hættumat: Lítil hætta

Staðhættir

Leifar fjóss sem tilheyrði torfbænum frá 1927 var vestan undir svokölluðum Klapparhóli um 30m norður af torfbænum sem byggður var 1927.


Lýsing

Leifarnar eru mjög illa farnar og grjóthleðslur úr lagi gengnar. Veggheðslan var hæst 40cm en breidd veggja um 70cm. Tóftin var um 10m frá línulögninni og ekki í neinni hættu vegna hennar.



Mynd 4. Horft til vesturs yfir leifar fjóstóftar [1872-2]. Háleggsstaðabær í bakgrunni.

Brúarland



Mynd 5. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu minja og línulagnar.

Brúarland 1872-3

Sérheiti: Brúarlandsstekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Litil hætta - stekkurinn liggur 8,7m norður af línuleiðinni

Staðhættir


Stekkjartóft er í sundi milli tveggja hóla 380m austur af Brúarlandsbæ.

Lýsing

Stekkurinn er tvískiptur. Tóftin liggur norður suður og er syðra hólfið 9m langt og 4m breitt að innanmáli. Inngangur hefur verið til suðurs og innangenget í smærra hólfið sem er norðan við. Það er 2,7x3,5m að stærð. Grjót sést í hleðslum sem eru hæstar um 80cm og um 70cm breiðar.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar (7 bindi, bls. 217) er stekkurinn nefndur Brúarlandsstekkur og mun síðar hafa verið notaður sem vorrétt fyrir Grindur og Brúarland.



Brúarland 1872-4

Sérheiti: Gerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Þúst

Hættumat: Mikil hætta - Línuleiðin mun liggja fast við suður útmörk fjárhússtæðisins.

Staðhættir

Í sléttuðu túni 145m suðaustur af núverandi bæ er ójafnt svæði í miðju túninu sem lítur út eins og tóftir sem sléttað hefur verið úr. Nokkurt grjót er í hrúgu fyrir miðju túni en engir eiginlegir veggir greinanlegir. Rótaða svæðið er um 14x10m að stærð.

Lýsing

Í örnefnaskrá Brúarlands er talað um fjárhús á svokölluðu Gerði en þar segir: „neðan við svokallaðan Bæjarhól er mýrlendur blettur, er nefnist Fit. Sunnan við hana er

allstór túnblettur, er heitir Gerði. Þar var fjárhús“ (Örnefnaskrá, Þorgils Pálsson skráði, bls. 2). Þarna var mældur upp ferkantaður flötur en veggjum hefur verið rutt út og mynda þeir ólögulega hrúgu. Tóftalögun var því ekki skýr. Óvíst er hvort um fornleifar er að ræða samkvæmt lagalegum skilningi.



Mynd 6. Grjót úr vegggleðslum [1872-4] fjárhúsa á Gerði. Brúarlandsbær í baksýn.



Mynd 7. Íbúðarhús á Brúarlandi. Rafstrengurinn mun liggja að húsinu þar sem olíutankur liggur. Þar hafa fundist mannvistarleifar frá elstu byggð.

Brúarland 1872-5

Sérheiti: Brúarland

Hlutverk: Bæjarstæði?

Tegund: Heimild

Hættumat: Mikil hætta - inntak fyrir rafstreng er inn í húsið á sama stað og mögulegar leifar forns bæjar fundust.

Staðhættir - lýsing

Í Byggðasögu Skagafjarðar (7. bindi, bls. 215) segir: „[...] Fornar minjar fundust einnig skammt norðan við núverandi íbúðarhús. Þegar Kristján Runólfsson handgróf þar skurði fyrir skólplögn virtist honum sem hann

kæmi niður á öskuhaug. Fann hann þar forna gripi, borna nál úr kopar og einnig tvískipta sörvisperlu [...] mögulegt er að bærinn hafi í fyrstu verið þar sem íbúðarhúsið er nú. Úr þessu fæst ekki skorið nema með fornleifauppgrefti norðan við íbúðarhúsið en frárennslislögnin þar sem munirnir fundust undir er enn greinileg í landinu.“ Auk þessa fundust mannvistarleifar við suðaustur enda hússins þegar grunnur þess var grafinn. Mannvistarleifar fundust í skurðinum 2017 en ekki var hægt að staðfesta aldur á þeim þar sem svæðið var mjög rótað.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Línan liggur fast upp við gamalt fjárhússtæði sem búið er að slétta úr. Ekki er vitað hvort eldri minjar hafi legið þar undir en æskilegt væri að færa línuna

um nokkra metra til suðurs til að forðast rask.. Við núverandi íbúðarhús þyrfti að skoða í lagnaskurð.

Skurður við íbúðarhús




Mynd 8. Skurður sem tekinn var við suðvestur horn íbúðarhússins á Brúarlandi.

Þann 26.06.2017 var, að fenginni umsögn minjavarðar Norðurlands vestra, skoðað í um 5m langan og 70cm djúpan lagnaskur skurð sem grafinn var til vesturs frá vesturgafli íbúðarhússins á Brúarlandi [1875-5 í skýrslu]. Í skurðinum kom í ljós að jarðvegur upp við húsið var mjög rótaður og lítið hægt að lesa úr jarðlögum. Uppi

við húsið voru rótuð ruslalög sem virtust ekki ýkja forn. Óljós ummerki voru um eldri mannvistarlög, móösku og kol, en ekki var hægt að aldursgreina þau frekar. Á um 30-50cm dýpi var komið niður á forsögulega gjósku og undir henni var mýrarjarðvegur. Skoðun skurðarins skar því ekki úr um hvort þarna er að finna elsta bæjarstæði Brúarlands en þarna hafa þó verið einhverjar eldri byggðaleifar verið áður en húsið var byggt.

Grindur



Mynd 9. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu minja og línulagnar.

Grindur 1872-6

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft og þúst

Hættumat: Lítil hætta – Fjárhúsin sjálf eru um 12m frá línuleið en upphækkunin undir fjárhúsunum um 5m.

Staðhættir

Tvískipt garðahús eru í túni 104m suðaustur af íbúðarhúsinu á Grindum.

Lýsing

Um er að ræða tóftir tvístæðra garðahúsa. Vegghleðslur standa enn vel, um 1,5m á hæð og 1m á þykkt. Að utanmáli eru húsin 14x9m. Fast vestan húsanna er reykkofi sem stendur í eldri tóft. Undir húsunum er nokkur upphækkun sem bendir til endurbygginga á sama stað.



Mynd 10. Fjárhústóft og upphækkun undir þeim sem eru líklega leifar eldri bygginga. Rafstrengurinn mun liggja milli staura og fjárhústóftar sem sést fyrir miðri mynd.



Mynd 11. Óglögg forn tóft [1872-7] í gamla Grindartúninu í forgrunni. Sést sem sléttuð flöt í túni.

Grindur 1872-7

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta - Tóftin liggur 2m norðan væntanlegs jarðstrengs.

Staðhættir

Tóft liggur í brekku 50m neðan gamla bæjarstæðisins á Grindum og 160m suðaustan við núverandi bæjarhús.

Lýsing

Tóftin er nokkuð jarðsokkin og óglögg. Hún liggur norðvestur-suðaustur 5x5m löng og 2,7m breið. Veggir óverulegir og tóftin er meira eins og sléttur flötur í túni.

Grindur 1872-8

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Hleðsla



Mynd 12.. Horft til norðurs eftir túngarðinum [1872-8] þar sem hann er nánast horfinn vegna uppblásturs. Garðurinn sést á þessum kafla einunigs sem gróðurskil við útbrún túns.



Mynd 13. Djúp gata [1872-9] liggur til austurs frá gamla túnininu á Grindum inn dalinn. Gatan sést fyrir miðri mynd.

Hættumat: Mikil hætta - rafstrengurinn mun liggja í gegn um garðinn

Staðhættir

Gamall túngarður liggur umhverfis gamla túnið á Grindum.

Lýsing

Garðurinn hefur verið torfhlaðinn með grjóti í undirstöðu. Garðurinn er misgreinilegur, sumsstaðar að mestu uppblásinn en á köflum heillegur, en þó jarðsokkinn. Hann er hæstur um 70cm og um metri á breidd þar sem hann er breiðastur.

Rafstrengurinn fer í gegn um garðinn austanverðan þar hann er mjög uppblásinn og illgreinilegur og lítið torf eftir í honum.

Grindur 1872-9

Hlutverk: Gata

Tegund: Leið

Hættumat: Mikil hætta - rafstrengurinn mun liggja í gegn um götuna

Staðhættir

Djúp gata liggur til suðausturs frá túni á Grindum í átt að Brúarlandi. Hún sést glögg á nokkur hundruð metra löngum kafla.

Grindur 1872-10

Hlutverk: Vörslugarður

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hætta - rafstrengurinn verður lagður í gegn um garðinn

Staðhættir

Veglegur grjóthlaðinn garður umlykur túnið á Grindum en liggur þó nokkuð utan túns.

Lýsing

Garðurinn er mestur um metri á hæð og 70cm á þykkt. Rafstrengurinn verður plægður í gegn um garðinn þar sem hann liggur upp-niður hliðina um 70m austan við gamla túnið á Grindum.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar (7. Bindi. Bls. 222) var garðurinn hlaðinn af Jóni Júlíussyni bónda á Grindum á þriðja tug 20. aldar. **Garðurinn telst því ekki fornleifar skv. lögum.**



Mynd 14. Grjóthlaðinn garður [1872--10] austan túns á Grindum. Þarna mun strengurinn fara í gegn um garðinn.

Grindur 1872-13

Hlutverk: Heimagrafreitur

Tegund: Steyptir veggir

Hættumat: Engin hætta - rafstrengurinn verður 12,8m sunnan grafreitsins

Staðhættir

Um 30m sunnan og neðan gamla bæjarstæðisins á Grindli er heimagrafreitur.

Lýsing

Í Byggðasögu Skagafjarðar (7. Bindi, bls. 223) segir: „Skammt sunnan við gamla bæjarstæðið er sléttur bali sem heitir Flötur, einnig kallaður Bæjarflötur. Þar er heima-grafréitur, gerður af Jóni



Mynd 15. Heimagrafreitur [1872-13] í gamla túninu á Grindli. Horft í norður.

Júliussyni bónda á Grindum sem fékk til þess ráðherraleyfi 26. Október 1943. Steinsteypfir veggir eru nú einungis á tvo vegu kringum grafreitinn en opið inn í hann að vestan og sunnan. Í jarðskjálftanum stóra vorið 1963 sprungu tveir veggirnir svo illa og molnuðu, að þeir hafa verið fjarlægðir.“

Tillaga að mótvægisaðgerðum: línan liggur skammt frá gamalli tóft [1872-6] og væri æskilegt að hliðra línunni um eins og 5m til suðurs svo tóftin verði ekki fyrir skemmdum vegna framkvæmda. Línan mun liggja í gegn um götu og tvo vallargarða, annar er grjóthlaðinn en túngarðurinn sem farið verður í gegn um er svo uppblásinn á þeim stað sem línan fer um að frekari rannsókn hefði lítinn tilgang.

Nýlendi

Nýlendi 1872-11

Sérheiti: Nýlendi

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Bæjarhóll


Hættumat: **Mikil**

hætta - rafstrengurinn mun plægður niður fast upp við austur útmörk gamla bæjarhólsins

Staðhættir

Gamli bæjarhóllinn á Nýlendi liggur 50m norður af steinsteypu íbúðarhúsi. Þar stóð gamli torfbærinn fram til 1944 er núverandi íbúðarhús var byggt..

Lýsing



Mynd 16. Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu minja og línulagnar



Mynd 17. Horft til suðurs yfir bæjarhól [1872-11] á Nýlendi, yngra íbúðarhúsið (byggt 1944) í bakgrunni vinstra megin við hólinn. Raflínan verður lögð fast upp við útmörk hólsins eins þau eru á yfirborði.

Bæjarhóllinn er óreglulegur að lögun um 55m x45m að stærð. Hann er nokkuð hár og í honum einhver veggjalög en nánari lögun var óglögg vegna mikils gróðurs. Í bæjarhúsaröðinni voru m.a. baðstofa, fjós, hesthús, hlóðældhús og skemma (Byggðasaga Skagafjarðar 7. Bindi, bls. 226.

Rafstrengurinn verður plægður niður fast við þar sem greina má útmörk hólsins í sléttuðu túni.

Nýlendi 1872-12

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Dæld

Hættumat: Engin hættaminjarnar eru um 10m vestan raflínunnar

Staðhættir

Á hól 60m ofan (norðan) gamla bæjarhólsins er annar hól og syðst á honum óverulegar tóftaleifar.

Lýsing

Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar (7. Bind, bls. 228) mun þarna hafa staðið hesthús en því virðist hafa

verið rutt um og nú er einungis ferköntuð 6x3,5m stór flöt þar sem húsin stóðu.



Mynd 18. Sléttur flötur undan hesthústóft [1872-12]. Raflínan mun lögð norðan hólsins.

Tillaga að mótvægisáðgerðum: Æskilegt væri að hliða línunni um 7-10 metra til austurs þar sem hún liggur upp við gamla bæjarhólinn.

Samantekt

Í tengslum við væntanlega lagningu rafstrengs í jörðu í Deildardal og Unadal var línuleið skoðuð á 15 jörðum með tilliti til fornleifa. Alls voru skráðar 13 minjar í og við áætlaða línuleið, á Háleggsstöðum, Brúarlandi, Grindum og Nýlendi í Deildardal. Af þessum 13 minjum voru 8 í mikilli hættu vegna framkvæmdanna, annað hvort í línuleiðinni eða skammt frá henni. Yfirlit yfir skráðar minjar er að finna í töflu 1.

Tafla 1. Tafla yfir skráðar minjar og hættumat. Minjar í hættu eru með rauðu letri.

Landareign	Nr.	Hlutverk	Tegund	Aldur	Fjarl. frá rafstreng	Hnit: ISN93	
						A	N
Háleggsstaðir	1872-1	bæjarstæði	húsgrunnur	1927?	Í línuleið	488268	595326
Háleggsstaðir	1872-2	fjós	tóft	1927-1952	10.6	488280	595357
Brúarland	1872-3	stekkur	tóft	1800-1950	8.7	486546	596472
Brúarland	1872-4	Fjánhús	dæld	1800-1970	0.5	486301	596494
Brúarland	1872-5	bæjarstæði?	heimild	800-1200	Í línuleið	486151	596570
Grindur	1872-6	fjánhús	tóft	1800-1950	4.4	485048	597634
Grindur	1872-7	þekkt	tóft	1500-1800	2.1	485107	597610
Grindur	1872-13	heimagrafreitur	steypuveggur	1945	12.8	485153	597604
Grindur	1872-8	túngarður	hleðsla	900-1900	Í línuleið	485174	597577
Grindur	1872-9	gata	leið	Óþekkt	Í línuleið	485196	597567
Grindur	1872-10	vallargarður	hleðsla	1927	Í línuleið	485253	597543
Nýlendi	1872-11	híbýli	bæjarhóll	900-1944	0-2	484302	598281
Nýlendi	1872-12	þúst	hesthús	1800-1950	10.7	484323	598365

Skráningin fór fram í júní, skömmu áður en verkið hófst, og var tillögum að mótvægisáðgerðum komið til framkvæmdaraðila og Minjastofnunar Íslands. Tekið var tillit til tillaganna við framkvæmdirnar og legu línu breytt þar sem þurfti. Frekari umsagnar er því ekki þörf enda er framkvæmdunum nú lokið. Hér skal áréttað að einungis voru skoðaðar væntanlegar línuleiðir fyrir rafstreng og jarðskaut sem plægð voru niður en ekki voru skoðaðar minjar undir og við núverandi loftlínur sem munu fjarlægðar.